



# Réttindi barna í leikskólum í Garðabæ

INNLEIÐING BARNVÆNS SVEITARFÉLAGS VETURINN 2022-2023



Anna Magnea Hreinsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir, Sara M.  
Ólafsdóttir og Kristín Karlsdóttir  
RANNUNG | HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur .....	2
Réttindi barna.....	3
Framkvæmd verkefnisins .....	5
Allir verða að þekkja réttindi barna.....	5
Það sem barninu er fyrir bestu.....	6
Öll börn eru jöfn .....	7
Virðing fyrir skoðunum barna .....	9
Líf og þroski .....	10
Mat á verkefninu .....	13
Myndir frá fundum: .....	14
Heimildir .....	15

## Inngangur

Í október 2020 var undirritaður samningur um að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Garðabæ og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferlið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi og var einnig gerður samstarfssamningur á skólaárinu 2022 – 2023 við Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna um að koma að gagnvirkni umræðu í fimm skipti með leikskólastjórum leikskóla Garðabæjar um mótun leikskólastarfsins og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfsemi viðkomandi leikskóla, sjá [frétt](#) á heimasíðu Garðabæjar. Verkefnið [Barnvænt sveitarfélag](#) miðar að því að byggja upp breiðfylkingu sveitarfélaga á Íslandi sem láta sér mannréttindi barna varða, með Barnasáttmálann að leiðarljósi og auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndafræði *Barnvænna sveitarfélaga* byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, *Child Friendly Cities*, en það hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim. *Barnvæn sveitarfélög* vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og UNICEF á Íslandi styður sveitarfélögin í innleiðingu sinni á Barnasáttmálanum. UNICEF á Íslandi er íslensk landsnefnd Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem berst fyrir réttindum barna bæði erlendis og á Íslandi.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, oftast nefndur [Barnasáttmálinn](#), var samþykktur árið 1989 af öllum þjóðum Sameinuðu þjóðanna að undanskildum Bandaríkjunum. Sáttmálinn samanstendur af 54 greinum um réttindi barna. Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 en fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna.



Frá undirskrift Garðabæjar og RannUng 27. september 2022

## Réttindi barna

Verkefnið er liður í innleiðingu Barnvæns sveitarfélags í Garðabæ á markvissan hátt í leikskóla í Garðabæ. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólunum.

Markmiðin endurspegla áherslur [Menntastefnu Garðabæjar 2022-2030](#) sem er ætlað að leggja grunn að farsælu og framsæknu skólastarfi sem einkennist af jákvæðum skólabrag og veitir öllum börnum menntun og færni til að mæta þeim áskorunum sem felast í hröðum og stöðugum samfélags- og tæknibreytingum. Garðabær er aðili að Heilsuefandi samfélagi þar sem unnið er að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa og verið er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Þá er leitast við að láta alla stefnumótun taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin eru samofin og samverkandi en mikil tenging er við menntastefnu, þá sérstaklega markmið um menntun fyrir alla, markmið um heilsu og vellíðan.

Á undanförunum árum hefur áhersla verið lögð á réttindi barna og þátttöku þeirra í ákvarðanatökum í leikskólastarfi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) hefur haft áhrif þar á. Með lögfestingu Barnasáttmálans hefur verið vakin athygli á samfélagslegri stöðu barna og réttindi barna verið alþjóðlega viðurkennd. Áhersla er lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og rétti þeirra til að hafa áhrif á málefni sem varða þau. Samningurinn tekur einnig á rétti barna á vernd fullorðinna fyrir hugsanlegri skaðlegri reynslu. Lagasetning á Íslandi byggist á samningnum, þar með talin lög um leikskóla nr. 90/2008. Þar er kveðið á um að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008).

Einnig endurspeglast markmið Barnasáttmálans í Aðalnámskrá leikskóla (2011) þar sem einn grunnþáttur menntunar er lýðræði og mannréttindi. Aðalnámskráin fjallar um hugmyndafræði leikskóla og leiðarljós og leikinn sem kjarna leikskólastarfs og helstu námsleið ungra barna. Í samræmi við Barnasáttmálann gætir aukinnar áherslu í námskránni á sjónarmið barna og lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Aðalnámskráin kveður á um að leikskólar meti starf leikskólans á lýðræðislegan hátt skv. þeim gildum sem sett eru fram í námskránni og reglugerð nr. 893/2009 um mat á leikskólastarfi. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins felst sú skuldbinding að þeir sem vinna með börnum hlusti á þau og taki alvarlega það sem þau hafa að segja og leyfi sjónarmiðum þeirra að hafa áhrif á umhverfi þeirra (Brooker, 2001). Á Íslandi hefur rannsóknum með börnum fjölgað á síðastliðnum árum, þar sem rannsakendur hafa leitað eftir sjónarmiðum og reynslu barna af

mikilvægum þáttum í lífi þeirra (t.d. Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson, 2012; Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson, 2015; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2003; Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2019; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017, Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Niðurstöður þessara rannsókna sýna að börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ef viðhorf fullorðinna og sýn til barna byggist á getu þeirra og hæfni og að viðeigandi aðferðum sé beitt til að nálgast sjónarmið þeirra (Clark, 2020; Clark og Moss, 2005). Niðurstöður sýna einnig að ekki skorti vilja meðal leikskólakennara að hlusta á börn og virkja áhrifamátt þeirra, en það virðist hins vegar ekki hafa forgang í önnum dagsins (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012).

Rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum benda til þess að börn hafa oft lítið um skólastarfið að segja og fá ekki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Í stað þess að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar, þá virðast börn helst hafa möguleika á að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti sem settir eru fram sem val út frá fyrirfram ákveðnum möguleikum sem kennarar setja fram (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Ekki er ljóst hvaða áhrif Barnasáttmálinn og rannsóknir með börnum hafa haft á leikskólastarf hér á landi, en margir leikskólar hafa sýnt áhuga á að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt, meðal annars í samstarfi við UNICEF. Nokkuð er um að leikskólar hafi lagað starfhætti sína að hugmyndum sáttmálans.

## Framkvæmd verkefnisins

Stjórnendur leikskólanna og fulltrúar RannUng hittust fimm sinnum, tvo tíma í senn, þar sem fjallað var um þær fimm greinar sem áhersla var sett á í verkefninu samkvæmt eftirfarandi dagsetningum:

1. þema: 27. september kl. 10-12 – Grein 42: Allir verða að þekkja réttindi barna.
2. þema: 8. nóvember kl. 10-12 – Grein 3: Það sem barninu er fyrir bestu.
3. þema: 24. janúar kl. 10-12 – Grein 2: Öll börn eru jöfn.
4. þema: 7. mars kl. 10-12 – Grein 12: Virðing fyrir skoðunum barna.
5. þema: 1. júní kl. 10-12 – Grein 6: Líf og þroski.

Fundirnir voru blanda af fyrirlestrum og umræðum um ofangreinda þætti og gafst stjórnendum tækifæri til að læra hver af öðrum og skiptast á hugmyndum um hvernig réttindi barna endurspeglast í daglegu starfi leikskólanna. Strax að loknum fundum fengu allir þátttakendur sendar glærur frá fyrirlestrum ásamt punktum, sem komu fram í umræðum, í þeim tilgangi að efnið nýttist í leikskólum við innleiðinguna.

### Allir verða að þekkja réttindi barna

Fram kemur í 42. grein Barnasáttmálans að stjórnvöld skulu fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna. Rætt var um réttindamiðað leikskólastarf með áherslu á að leikskóli sé félagslegur vettvangur barna, sem þau hafa rétt á að sækja. Vinir og félagar eru börnum mikils virði í leikskólanum og þar eiga börn að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, að það sé hlustað á þau og að þau hafi áhrif. Sjónarmið barna eiga að vera vegvísir til aðgerða. Líkan Lundy (2007) var kynnt sem er gagnlegur rammi um þátttöku barna í leikskólastarfi og tengist 12. grein Barnasáttmálans. Að auki var rætt um leiðir til að auka þekkingu starfsfólks, foreldra og barna á réttindum barna.

Í tengslum við fyrirlesturinn veltu þátttakendur fyrir sér fjórum spurningum en þeirri fimmtu var sleppt vegna tímaleysis. Þær voru:

- Hvernig er best staðið að því að auka þekkingu starfsfólks, foreldra og barna á réttindum barna? Hvað með stjórnarsýsluna?
- Hvaða tækifæri hafa börn í leikskólanum til að koma skoðunum sínum á framfæri í daglegu starfi?
- Hvernig geta börn í leikskólanum komið skoðunum sínum á framfæri í daglegu starfi?
- Hver, hvar og hvernig er hlustað á raddir barna í leikskólanum?
- Hvaða áhrif hafa sjónarmið barna á daglegt líf í leikskólanum? – Sleppt vegna tímaleysis

Í umræðu þátttakenda kom fram að þeir töldu mikilvægt að sameiginlegur skilningur væri á hugtakinu „réttindi“ og að þau þyrfti að kynna fyrir starfsfólki, foreldrum sem og börnunum sjálfum. Sýna ætti í verki að börn hafi áhrif ásamt því að veða og meta hve mikil áhrif börn eiga að hafa í samræmi við aldur. Fram kom að börnin hefðu helst val í frjálsum leik en áhersla á val hafi aukist í tengslum við matartíma og útiveru. Skoðanir barna mætti nálgast með því að gefa þeim tíma og rými til að tjá sig en einnig með því að lesa í fjölbreytta tjáningu þeirra. Starfsfólk þyrfti að gefa börnum aukinn tíma til að tjá sig, bæði í leik sem og öðrum daglegum athöfnum, til að nálgast sjónarmið þeirra en það væri einnig mikilvægt að börn hlusti á önnur börn þar sem þau læra að virða hvert annað og setja mörk.


### Það sem barninu er fyrir bestu

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur. Litið er á börn sem viðkvæman hóp til dæmis vegna veikrar valdastöðu gagnvart fullorðnum. Oft er talað um börn sem varnarlaus en það getur t.d. tengst vitsmunum, styrkleikum, sjálfsmynd og félagslegum þáttum (stöðu, umhverfi og viðhorfum). Mikilvægt er að tryggja öryggi barna og efla áhrifamátt þeirra þar sem áhrifamáttur getur dregið úr varnarleysi. Þeirri spurningu var varpað fram hvort starfsfólk væri líklegra til að stýra börnum og ákveða hvað sé þeim fyrir bestu ef litið væri á þau sem viðkvæm og getulítill?

Í upphafi fundar var farið yfir stöðuna þ.e. hvernig hafi gengið og hvað verið gert frá síðasta fundi í tengslum við þekkingu á réttindum barna. Staðan var afar ólík á milli starfsstöðva en á flestum stöðum var umræða komin í gang. Þátttakendur veltu því fyrir sér hverjir væru hagsmunir barna í tengslum við það hvað væri barninu fyrir bestu. Niðurstöður þeirrar umræðu skráðu þátttakendur í orðaský (sjá mynd). Eins og sést hér á myndinni þá nefndu flestir umhyggju og öryggi.

# Hverjir eru hagsmunir barna?

Mentimeter



Niðurstöður í tengslum við hagsmuni barna settar fram í orðaskýi (Mentimeter.com)

Þegar rætt var um hvað barninu væri fyrir bestu og hverjir vissu það, kom fram að viðhorf leikskólakennara geti verið ólík innbyrðis en einnig ólík viðhorfum sveitarfélaga. Eftirfarandi er dæmi um spurningar sem voru ígrundaðar innan hópsins:

- Hvaða áhrif hafa ákvarðanir fullorðinna á hagsmuni barna t.d. foreldra, leikskólakennara og stjórnvalda?
- Hvernig komum við fram við börn ef við lítum á þau sem vanmáttug og lítils megnug?  
Hvaða áhrif hefur það á hagsmuni þeirra?
- Hvernig komum við fram við börn ef við lítum á þau sem hæf og getumikil?  
Hvaða áhrif hefur það á hagsmuni þeirra?

Fram kom að ekki væri lengur til staðar innan leikskólanna sú hugsun að börn væru vanmáttug en á sama tíma væri margt í leikskólastarfinu sem stangaðist á við hagsmuni barna eins og t.d. þegar þeim er hjálpað of mikið í fataklefanum vegna þess að starfsfólk leikskólanna væri að flýta sér. Umræða skapaðist um hvernig bæði börn og starfsmenn gætu gengið sátt frá borði? Einnig að kröfur samfélagsins hafi áhrif á barnið og að stytting vinnuvikunnar hafi ekki komið vel út fyrir börn.

## Öll börn eru jöfn

Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru



fötlúð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti. Jafn aðgangur að félagslegum gæðum er ein af grundvallarreglum félagslegs réttlætis. Það á við um jafnan aðgang að menntun, heilsugæslu og atvinnutækifærum. Félagslegt réttlæti stuðlar að sanngirni og jöfnuði á mörgum sviðum samfélagsins. Hugtökin félagslegt réttlæti (e. social justice) og skólastarf án aðgreiningar (e. inclusion) eða menntun fyrir alla eru nátengd hugtök. Hugtakið fullgildi (e. belonging) hefur verið notað til að varpa ljósi á félagsleg samskipti og þátttöku barnanna í samfélagi leikskólans. Íslenskir leikskólar leggja áherslu á nám í gegnum leik, samskipti og þátttöku. Fullgildi í barnahópi og í samfélagi leikskólans er því mikilvægur þáttur í menntun ungra barna hér á landi. Fullgildi í leikskóla tengist fyrst og fremst vináttu barna þ.e. að börnum líður vel og finnst þau tilheyra barnahópnum ef þau eiga vini (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).

Í upphafi fundar tjáðu þátttakendur sig um stöðuna. Fram kom hversu erfitt gæti verið að hafa áhrif á viðhorf starfsfólks. Daglegur rekstur gengi oft fyrir og þá væri hætt við því að fagmennskan yrði útundan. Samtalið væri mikilvægt þar sem starfsmannahópurinn þyrfti að fá tækifæri til þess að ígrunda viðhorf sín og starfshætti en þannig gæti farið af stað ferli sem verður til þess að þróun verði á starfsháttum.

Rætt var um myndbönd sem lagt var til að allir starfsmenn Garðabæjar horfi á. Sumir þátttakendanna höfðu góða reynslu af þeim og þótti þau hvetjandi fyrir samræðu. Í sumum leikskólum höfðu allir starfsmenn horft á myndböndin. Einnig var rætt hversu mikilvægt væri að innleiða betur réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum í daglegt starf leikskólanna þar sem áhersla ætti ekki endilega að vera á skipulagt starf. Best væri að styðja við réttindi barna með því að samtvinna þau öllu daglegu starfi leikskólanna. Eftirfarandi er dæmi um spurningar sem voru ígrundaðar:

- Ríkir réttlæti og jöfnuður í leikskólanum?
- Hvernig er staðið að gildamenntun í leikskólanum?
- Hvernig styður skipulag leikskólastarfsins við réttlæti og jöfnuð?
- Hvernig stuðning veitum við börnum svo að þau standi jöfnum fæti?
- Hvaða tækifæri gefst börnum til að sýna réttlæti og sanngirni í daglegu starfi?
- Hvernig eru börnin studd til að sýna réttlæti og sanngirni í daglegu starfi?

Í umræðunni kom m.a. fram að þátttakendur telja að verið væri að vinna að þessum þáttum, þó það væri gert á mismunandi vegu þar sem starfsfólk væri ólíkt. Í þessu fælist einnig áskorun því það væri alltaf nýtt og nýtt fólk. Starfsmenn leikskólans væru alltaf að reyna að vinna að jafnrétti. Ekki með því að kenna barninu með beinum hætti, heldur frekar að mæta því með jafnrétti í huga. Meðal hlutverka

leikskólakennarans væri að vera fyrirmynd og hluti undirbúningstíma leikskólakennara gæti farið fram innan deildar þar sem ófaglærðum er leiðbeint í tengslum við réttindi barna.


### Virðing fyrir skoðunum barna

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim. Börn í samfélagi samtímans þurfa fullorðna sem trúá á getu þeirra og styrkleika og virða rétt þeirra til áhrifa - Áhrifamáttur/atbeini barna (e. children's agency). Leggja þarf áherslu á lýðræðislega starfshætti heimila og skóla (e. democracy) og börn sem fullgilda þátttakendur (e. children's participation). Aftur var fjallað um líkan Lundy (2007) og þá fjóra þætti sem ramma inn virðingu fyrir skoðunum barna. Þeir eru:

- **Rými** (e. space): Að skapa rými sem er öruggt og inngildandi (e. inclusive) fyrir börn til að tjá sig. Leitað er eftir viðhorfum barna og séð til þess að aðstæður séu öruggar fyrir barnið svo það geti tjáð sig? Sérstaklega er þess gætt að öll börn geti tjáð sig.
- **Rödd** (e. voice): Felur í sér að börn fái upplýsingar við hæfi og þau séu studd til að tjá sig (hlustað á tón raddar, listræn tjáning, myndataka). Hafa börn verið upplýst um málefni sem taka á afstöðu til? Vita börn að þau þurfa ekki að taka þátt/segja skoðun sína? Er börnum gefið færi á að tjá sig með ólíkum hætti?
- **Hlustun** (e. audience – áheyrn): Sjá til þess að viðhorfum barna sé komið á framfæri við þau sem koma að ákvarðanatöku og framkvæmd. Er sjónarmiðum barna komið á framfæri? Vita börnin hverjum er sagt frá? Hefur sá eða sú vald til að taka ákvörðun?
- **Áhrif** (e. influence): Sjá til þess að viðhorf barna séu tekin alvarlega og brugðist sé við þeim. Voru sjónarmið barna tekin til skoðunar af þeim sem valdið hefur? Hefur verið séð til þess að viðhorf barnanna séu tekin alvarlega? Hafa börnin og ungmennin verið upplýst um hvers vegna endanleg ákvörðun var tekin?

Í upphafi fundar tjáðu þátttakendur sig um framvindu verkefnisins frá síðasta fundi. Að því loknu voru ígrundaðar spurningar í tengslum við fyrirlestur dagsins. Fyrst var skoðað hvernig styðja mætti betur við þátttöku barna og áhrifamátt þeirra í leikskólastarfi, ásamt því að nefna dæmi um aðstæður og aðferðir. Fram komu ýmsar hugmyndir eins og að gefa börnum frekari tækifæri á að vera þátttakendur og stjórna meira í samveru og matartímum. Upp kom spurning um hvort börnunum væri gefið raunverulegt val eða hvort starfsfólk væri of skoðanamótandi? Spyrja þyrfti hvað börnunum fyndist um daglega starfið og sýna í verki að þeirra rödd hafi raunveruleg áhrif.

Hugmyndir um virðingu fyrir skoðunum barna voru mátaðar inn í líkan Lundy, eins og áður segir, og svör skráð í Padlet við spurningunni: Hvernig er starfað út frá fjórum þáttum Lundy í ykkar leikskólum?



Ígrundun þátttakenda um virðingu fyrir skoðunum barna skráð á Padlet

Í lokin veltu þátttakendur fyrir sér stöðunni á sínum vinnustað út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu lýðræðislegir eru starfshættir í ykkar leikskóla?
- Hversu oft yfir daginn og í hvaða aðstæðum er ferlið sjálfsprottið?
- Tengist við dæmi sem segir frá áskorun sem þið hafið upplifað í samskiptum við barn eða börn.

Góðar umræður áttu sér stað og má nefna dæmi um áskorun þegar barn segir „Nei“ þegar það er spurt hvort eigi að skipta um bleyju. Þá þyrfti að huga að því hvenær ætti að bjóða börnum val og hvenær ekki.

### Líf og þroski

Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það. Barnmiðuð nálgun þýðir að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir um líf þeirra og skal það gert í nánú samstarfi við fjölskyldur þeirra. Til þess að sveitarfélag sé barnvænt er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna. Allir þeir ólíku aðilar og stofnanir sem koma barninu við, vinni saman og móti heildstæða sýn á barnið. Allt fullorðið fólk í lífi barnsins á að vinna saman. Þegar talað er um barnvæna nálgun er verið að tala um allt frá aðstæðum sem hvert og eitt

okkar býður barni í persónulegum samskiptum og upp í það hvernig sveitarfélagið nálgast málefni barna í heild. Sem dæmi má nefna hvernig ólík svið og stofnanir innan sveitarfélagsins vinna saman að öruggu umhverfi barna.

Á síðasta fundi óskuðu þátttakendur eftir því að fá innlegg um réttindi yngstu barna leikskólans og var orðið við því. Þá var innlegg um barnvæna nálgun og í kjölfarið fengu þátttakendur það verkefni að velja hvaða greinar Barnasáttmálans ætti að setja í forgang hjá Garðabæ. Þátttakendum var skipt í tvo hópa sem hvor um sig fékk spjöld með öllum 42 greinum Barnasáttmálans. Hvor hópur um sig átti að velja 10 greinar sem þeim finnst Garðabær eiga að setja í forgang að leggja áherslu á. Sex greinar voru sameiginlegar í báðum hópum.



Þátttakendur velja 10 greinar Barnasáttmálans

Hér er upptalning á þeim greinum sem þátttakendur vilja leggja áherslu á en þeim er raðað í númeraröð.

### 3. gr. - Það sem er barninu fyrir bestu (*Báðir hópar*)

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

*6. gr. - Líf og þroski (Báðir hópar)*

Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.

*12. gr. - Virðing fyrir skoðunum barna*

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

*13. gr. - Frelsi til að deila hugmyndum sínum*

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

*14. gr. - Skoðana- og trúarfrelsi*

Börn eiga rétt á frjálstri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna. Í uppeldi geta foreldrar leiðbeint börnum sínum um hvernig megi nýta þessi réttindi að fullu.

*19. gr. - Vernd gegn ofbeldi*

Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau.

*23. gr. - Fötluð börn*

Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.

*24. gr. - Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi*

Börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.

*26. gr. - Félagsleg og efnahagsleg aðstoð (Báðir hópar)*

Börn sem búa við fátækt eiga rétt á aðstoð. Stjórnvöld skulu tryggja þann rétt með því að útvega peninga og annars konar stuðning.

*27. gr. - Næring, föt og öruggt heimili (Báðir hópar)*

Börn eiga rétt á því að fá næringu, fatnað og öruggt heimili svo þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld eiga að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint.

*29. gr. - Markmið menntunar (Báðir hópar)*

Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.

*30. gr. - Menning, tungu-mál, trúarbrögð, minnihlutahópa*

Börn eiga rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni.

*31. gr. - Hvíld, leikur, menning og listir (Báðir hópar)*

Öll börn eiga rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi.

*39. gr. - Bati og aðlögun*

Börn eiga rétt á því að fá hjálp ef þau hafa meiðst eða verið særð, vanrækt, komið hefur verið illa fram við þau eða þau orðið fyrir áhrifum af stríði svo þau nái aftur heilsu og reisn.

## Mat á verkefninu

Í lok verkefnisins var spurningakönnun með opnum svarmöguleikum send á stjórnendur um mat þeirra á verkefninu. Fáir þátttakendur svöruðu könnuninni og því gefa svörin ekki góða mynd af því hvernig til tókst eða hvað mætti betur fara. Svo virðist sem stjórnendur hafi haft mismikið gagn af fyrirlestrum RannUng, þar sem þeir nýttust sumum leikskólum vel en öðrum ekki. Ástæður þess að þeir hafi ekki nýst vel var yfirleitt vegna manneklu og örra starfsmannabreytinga og því erfitt fyrir stjórnendur að koma þeim á framfæri til starfsfólksins. Aðrir töluðu um tímaskort, að ekki gæfist tími til þess að fara dýpra í umræðuna svo hún leiði til starfsþróunar með réttindi barna að leiðarljósi. Óljóst er hvernig leikskólarnir ætla að halda áfram með verkefnið en einn þátttakandanna taldi bestu leiðina vera að fá allt starfsfólkið með, veita því tækifæri til þess að reyna á eigin skinni, upplifa og skoða áherslur starfsins með réttindi barna og lýðræði í forgrunni.

## Myndir frá fundum:



## Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Brooker, L. (2001). *Doing early childhood research. International Perspectives on Theory and Practice*. Routledge.
- Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). Listening to young children. National Children’s Bureau; Rowntree Foundation. Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children’s Bureau.
- Garðabær. (2022). *Menntastefna Garðabæjar 2022-2030*. [https://www.gardabaer.is/media/fraedsla-og-menning/Skolastefna\\_Gardabaer.pdf](https://www.gardabaer.is/media/fraedsla-og-menning/Skolastefna_Gardabaer.pdf)
- Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólabarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðileg stef úr kenningu Bandura. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 113–138.
- Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson (2015). Young children’s communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years An International Journal of Research and Development* 35(3), 1-14. DOI: 10.1080/09575146.2015.1048429
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu börnin: samfélag í leik. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 43–69.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir (2003) Principles underlying the work of Icelandic preschool teachers, *European Early Childhood Education Research Journal*, 11(1), 39-53.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Bernskurannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Menntun ungra barna* (bls. 13-35). Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir (2019). Hvaða augum líta börn leikskólakennara? Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.33>



Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2019). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun* 29(2), 113–131.

<https://doi.org/10.24270/tuum.2020.29.6>

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011a). *Aðalnámskrá leikskóla*.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menntastefna 2030. Aðgerðaráætlun 1*.

Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald, nr. 893/2009.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992).

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2017 – Innsýn í leikskólalastarf*. [http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/002.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf)

UNICEF. (e.d.). *Barnvæn sveitarfélög*. <https://barnvaensveitarfelog.is/>

Þingskjal nr. 1111/2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.